

Veiði á HOLTAMANNAAFRÉTTI



HOLTAMANNAFRÉTTUR

Holtamannafréttur er afréttur Ása- og Djúparhrepps (nú hluti af Rangárþingi ytra). Hann liggur í grófum dráttum milli Þjórsár og Tungnaár og nær allt norður að Fjórðungskvísl. Afrétturinn er um 2.880 km². Bændur reka um 2.000 kindur á afréttinn á hverju sumri.

Landfræðileg stefna afréttarins er SV-NA og skiptir Kaldakvísl honum í tvö svæði. Annars vegar er það Búðarháls sem er á milli Þjórsár og Köldukvíslar og hins vegar Þóristungur sem er svæðið milli Köldukvíslar og Tungnaár. Eftir afréttinum að sunnanverðu liggja öldur eða hryggir, Búðarháls syðstur og norður af honum Kjalöldur. Þegar norðar dregur verður landslag flatara en þar eru óreglulegar melöldur, flestar lágar, en smákvíslar og tjarnir í lægðum og gróðurblettir þar sem vatn er. Bera örnefni landslaginu vitni en flestar nafngreindar hæðir heita öldur og gróin svæði kallast ver. Lægðirnar milli þessara hæða eru í 5-600 metra hæð yfir sjó og fer land hækkandi til norðurs. Afrétturinn er víðáttumikill en víða gróðurlítill. Helstu gróðurlendi eru á Búðarhálsi og inn með Þjórsá, en þar eru Hvanngil, Þúfuver og Eyvindarver. Á Þóristungum er einnig nokkuð graslendi.

VEIÐI

Stangveiði á Holtamannaafretti á sér allanga sögu. Veiðifélag Holtamannaafreftar var stofnað árið 1971 og leigir það stangveiðina að mestu leiti út til einkaaðila sem sjá um að selja veiðileyfi til almennings. Stangveiði er stunduð í; Köldukvísl, Fellsendavatni, Þórisvatni og Kvíslaveitu. Einungis urriði er í ám og vötnunum á þessu svæði.


Veiðileyfi eru seld í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum, sími 487 7782.

Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun verður Kaldakvísl stífluð við ármót hennar og Tungnaár. Við það myndast Sporðöldulón. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að fylla í lónið sumarið 2013. Vegna framkvæmdanna má búast við ónæði á veiðistöðum neðst í Köldukvísl.

Frá 1. ágúst er leyfð netaveiði í Kvíslaveitu. Veiðileyfum er úthlutað til þeirra jarða sem eiga veiðirétt á Holtamannaafretti.

Veiðimenn eru hvattir til að skrá aflann í veiðibækur sem liggja frammi í Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum og í veiðihúsum við Þórisvatn og Kvíslaveitu.

	Hálendismiðstöð		Aðal fjallvegir
	Fjallaskáli		Aðrir fjallvegir
	Fjallakofi		Jeppavegir
	Veiðistaðir		Jeppaslóðar



Útgefendur: Ásahreppur og Rangárþingi ytra
Hönnun og kortagerð: Ingibjörg Sveinsdóttir, Steinholt sf
Júní 2011






Veiðimaður í Köldukvísl



Veiðimaður við Fagrafoss í Köldukvísl



-  Hálendismiðstöð
-  Fjallaskáli
-  Fjallakofi
-  Veiðistaðir
-  Aðal fjallvegir
-  Aðrir fjallvegir
-  Jeppavegir
-  Jeppaslóðar



FELLSENDAVATN OG ÞÓRISVATN veiðistaðir

